

Borgarstjórn
15. janúar 2019

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um mikilvægar úrbætur sem lúta að stjórnslu Reykjavíkurborgar um aukna stjórnendaábyrgð, skilvirkari og ábyrgari upplýsingagjöf varðandi framkvæmdir og útgjöld og að skjalavarsla verði í samræmi við lög

Ljóst er að nauðsynlegt er að borgarstjórn fari í mikilvægar úrbætur á stjórnslu Reykjavíkurborgar og treysta aukna ábyrgð stjórnenda í samræmi við ábendingar innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar sem settar eru fram í skýrslunni Nauthólsvegur 100 (IE1810002) frá desember 2018. Úrbæturnar lúta að aukinni stjórnendaábyrgð, skilvirkari og ábyrgari upplýsingagjöf varðandi framkvæmdir og útgjöld og að skjalavarsla verði í samræmi við lög. Tillögurnar eru í eftirfarandi liðum:

- a) Borgarstjórn samþykkir að farið verði yfir verkferla sem tryggja að stofnanir og stjórnendur borgarinnar skrái og varðveiti skjöl sín í samræmi við lög um opinbera skjalavörslu nr. 77/2014. Lagt er til að kostnaði verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
- b) Borgarstjórn samþykkir að skýra ábyrgð stjórnenda hjá Reykjavíkurborg varðandi framúrkeyrslu á fjárheimildum og vanrækslu í starfi með því bæta sambærilegum ákvæðum og eru í 38. gr. laga um opinbera starfsmenn varðandi framúrkeyrslu á fjárheimildum í reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar sem tóku gildi 2004.
- c) Borgarstjórn samþykkir að skerpa á og skýra upplýsingagjöf stjórnenda Reykjavíkurborgar varðandi framvindu verkefna, verklegra framkvæmda og útgjalda í tengslum við þau í samræmi við ábendingar innri endurskoðun í skýrslunni um Nauthólsveg 100 (IE1810002).

Greinargerð:

- a) Í skýrslu innri endurskoðunar kemur fram að skjalavarsla hjá Reykjavíkurborg sé ekki í samræmi við lög um opinbera skjalavörslu. Innri endurskoðun bendir á að Reykjavíkurborg sé skylt skv. 2. mgr. 23. gr. umræddra laga að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Enn frekar er skert á þessari skyldu Reykjavíkurborgar í skjalastefnu borgarinnar 2015-2020 þar sem fram kemur að stjórnendur beri ábyrgð á skjalavistun þeirra stofnana sem þeir veita forstöðu. Á þessu voru verulegir vankantar sem komu berlega fram við rannsókn innri endurskoðunar og torvelduðu þá vinnu. Fjöldi skjala sem veitt hefði getað upplýsingar um málið varðandi framkvæmdir, hönnun og hugmyndavinnu vegna Nauthólsvegur 100 var ekki varðveittur í skjalasafni. Innri endurskoðun bendir á að með því hafi lög verið brotin. Lög um opinbera skjalavörslu eru skýr og í XI. kafla þeirra, um viðurlög, kemur fram að það varði sektum eða fangelsi allt að þremur árum að vanrækja lagaskyldur um varðveislu skjala. Innri endurskoðun bendir á að skjalastjórnun í tengslum við framkvæmdir við Nauthólsveg 100 hafi verið óvönduð og leitt til þess að upplýsingar um ákvarðanir og úrvinnslu töpuðust. Varðveisla skjala um endurgerð bygginganna hafi verið ábótavant, ekki í samræmi við skjalastefnu borgarinnar og falið í sér brot á lögum um opinber skjalasöfn. Þess vegna er brýnt að borgarstjórn taki þessum ábendingum alvarlega og samþykki að tryggt verði að stjórnendur og stofnanir borgarinnar skrái og varðveiti skjöl sín í samræmi við lög.
- b) Í skýrslu innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100 (IE1810002) frá því í desember 2018, er bent á að lög um opinbera starfsmenn (1) gildi ekki um stjórnendur hjá Reykjavíkurborg, heldur reglurnar réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar, sem tóku gildi 2004. Í reglum Reykjavíkurborgar er ekki að finna ákvæði um það ef útgjöld fara fram úr fjárheimildum, verkefnum ekki sinnt eða þjónusta telst óviðunandi (IE N100, bls. 58), en í lögum um opinbera starfsmenn er að finna ákvæði um að ráðherra geti veitt forstöðumanni áminningu eða lausn frá embætti gerist hann sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi.

Reglur Reykjavíkurborgar fjalla aðallega um framkomu stjórnenda, þó aðeins sé vikið að vanrækslu og ófullnægjandi árangris. Í skýrslu innri endurskoðunar segir á bls. 59: „Í ljósi umfjöllunar í skýrslu um það hvernig skrifstofustjóri SEA sinnti sínu stjórnendahlutverki í tengslum við framkvæmdir að Nauthólsvegi 100 telur innri endurskoðun ástæðu til að skoðað verði að bæta í reglurnar ákvæði því sem er í 38. gr. laga um opinbera starfsmenn varðandi framúrkeyrslu á fjárheimildum, verkefni og þjónustu eininga.“ Borgarstjórn ætti því að taka þessa ábendingu alvarlega og samþykkja að ákvæði þessara laga gildi um stjórnendur Reykjavíkurborgar.

- c) Í skýrslu innri endurskoðunar kemur fram að breyta og bæta þurfi upplýsingagjöf milli stjórnenda borgarinnar. Bent er á að upplýsingagjöf varðandi framkvæmdirnar við braggann hafi verið ófullnægjandi á flestum stigum. Það er skýrt að mati innri endurskoðunar að skrifstofustjóra SEA hafi borið að fylgjast með verkefnum skrifstofu sinnar og kalla eftir upplýsingum varðandi framvindu þeirra frá sínum undirmönnum, það hafi verið hluti af starfsskyldum hans sem yfirmanns. Skýringar skrifstofustjórans á að það hafi hann ekki gert, vegna þess að þannig hafi skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verið rekin, þ.e. að ekki hafi verið hirt um að veita upplýsingar um rekstur þar sem höndlað er með milljarða króna af almannafé eru óboðlegar og óásættanlegar. Innri endurskoðun leggur til að þessu verði breytt.